



Íslandsmótin 2006

Íslandsmót einstaklinga 2006

Íslandsmót einstaklinga verður haldið dagana 8. - 12. mars 2006.

Tveir olíuburðir verða notaðir í mótinu, annar 32 ft. og hinn 44 ft. Gröf verða auglýst síðar.

Forkeppni miðvikudaginn 8. mars til föstudagsins 10 mars í Keilu í Mjódd.

Spilaðir eru 12 leikir í tveimur 6 leikja blokkum. Keppendur velja sér tvo ráshópa, einn í sitt hvorum olíuburðinum. Verð í forkeppni kr. 5.500,-

Kl.	Mið. 8/3	Fim. 9/3	Fös. 10/3
18:00	Rástími A Löng olía	Rástími C Stutt olía	Rástími E Löng olía
21:00	Rástími B Stutt olía	Rástími D Löng olía	Rástími F Stutt olía

16 efstu karlarnir og 12 efstu konurnar halda áfram í milliriðil.

Milliriðill laugardaginn 11 mars, kl. 9:00 í Keiluhöllinni

Spilaðir eru 6 leikir. Efstu 8 karlar og 6 konur halda áfram í undanúrslit.

Verð í milliriðil kr. 3.000.-

Olíuburður í milliriðli verður 44 ft. – langur.

Undanúrslit sunnudaginn 12. mars.

Konur kl. 9:00 og karlar kl. 11:30 í Keilu í Mjódd

Spilað allir við alla, 8 karlar og 6 konur, einföld umferð.

Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.

Verð í undanúrslit kr. 3.000 karlar og 2.000 konur.

Olíuburður í undanúrslitum verður 32 ft. – stuttur.

Úrslit sunnudaginn 12 mars – strax að loknum undanúrslitum:

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir

úrslit nægir að vinna þrjár viðureignir en annað sætið þarf að vinna fjórar.

Jafnteflisviðureignir falla niður. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga.

Olíuburður í undanúrslitum verður 32 ft. – stuttur.

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga.

Skráningareyðublað er í afgreiðslu Keilu í Mjódd og Keiluhallarinnar og á netfanginu skraning@kli.is. Skráningu lýkur miðvikudaginn 1. mars klukkan 22.00.

Boðið verður upp á æfingatíma í þeim olíuburði sem notaður verður í mótinu laugardaginn

4. mars kl. 9:00. Æfingin er einungis fyrir keppendur í mótinu og kostar kr. 600.-

Keppendur þufa að skrá sig í æfingatímann og greiða um leið og greitt er fyrir forkeppni.